

Ed.

144. Nefndarálit

í málinu: Frumv. til laga um viðauka við lög um friðun fugla frá 24. nóv. 1903.

Í frumvarpi því, sem nefndinni í fyrstu var falið til athugunar, var farið fram á þá einu breyting á gildandi lögum um friðun fugla, að rjúpur væru al-friðaðar fyrst um sinn í 5 ár. Við athugun málsins virtist nefndinni ástæða til að taka löggin frá 27. nóv. 1903 í heild sinni til athugunar, og komst nefndin við

þá athugun að þeirri niðurstöðu, að rjett væri að breyta þessum lögum í ýmsum greinum, og með því breytingar þær, er nefndin hefir gert, eru allmargar, hefir henni virst rjettara, að koma fram með nýtt frumvarp, en fella eldri lögin úr gildi.

Það sem sjerstaklega verður að hafa í huga við lagasetningu um þetta efni er:

a ð vernda svo sem þörf er á þær fuglategundir, sem til nytja mega verða, og setja hæfilegar takmarkanir fyrir drápi þeirra,

a ð friða stranglega alla þá fugla, sem að vísu ekki eru til beinna nytja, en sem eru til fjölbreytni, prýði og unaðar í íslenskri náttúru, en engum eru til meins,

a ð vernda þá fugla, sem hjer eru gestir, og æskilegt væri að ilendust hjer.

a ð friða þær fuglategundir, sem hjer eru orðnar mjög sjaldgæfar, og hætt er við að verði gereytt, jafnvel þó ekki sjeu nytjafuglar.

Eftir þessum reglum hefir nefndin reynt að fara við samning þessa nýja frumvarps, og um leið hefir hún haft í huga, að hefta á engan hátt skynsamleg afnot manna af nytjafuglunum. Skulu hjer tilgreindar ástæður fyrir breytingum þeim eða viðaukum á gildandi lögum, er gerðar hafa verið, við hverja grein fyrir sig.

Við 1. gr.

Hjer er aukið við 8 tegundum, er vera skulu alfríðaðar. 4 af þeim, silki-toppar, hettumáfar, svölur og starrar, eru gestir, sem ef til vill ilendast hjer, en friðun þessara fugla er öllum bagalaus; sendlingum er óðum að fækka, og dráp þeirra er meir til að svala drápgirni einstakra manna, en til nytja. Haftyrðill er sjaldgæfur orðinn, sjest varla nema í Grimsey, og fer þar fækkandi, himbrimar eru líka mjög sjaldgæfir orðnir, og er friðun beggja þessara tegunda því sjálfsögð.

Þá er svanurinn, og um alfriðun hans má búast við að verði skiftar skoðanir, en nefndin er í engum vafa um, að rjett sje að friða hann. Svanurinn er einhver hin mesta prýði í íslensku fuglalífi, nytjar hans munu mestar í fjaðratöku, og þær nytjar vaxa við friðunina, nytjar af drápi fuglsins sjálfs eru svo litlar, að þeirra vegna verður friðunin að teljast fyllilega rjettmæt. Þess ber og að gæta, að sje svanurinn friðaður, mun hann verða spakari og algengari, verða víðar til yndis og prýði.

Við 2. gr.

Ástæða nefndarinnar fyrir friðun arnarins er sú, að hann er nú mjög sjaldgæfur orðinn t. d. má geta þess, að Hörring, fuglafræðingurinn danski, sem ferðast hefir hjer um land, hefir á ferðum sínum um landið á 4 árum að eins orðið var við 6 eða 7 arnarhjón, og flestum mönnum ber saman um það, að í flestum bygðarlögum landsins sjáist örninn mjög sjaldan og sumstaðar jafnvel alls ekki nú í mörg ár. En það verður að teljast óviðfeldið, að örninn verði hjer út-dauður með öllu; þykir nefndinni því rétt að friða hann, með þeim takmörkum, sem hjer eru sett.

Við 4. gr.

Nefndin í heild sinni gat ekki fallist á, að rjettmætt væri að alfriða rjúpur í 5 ár, eins og farið var fram á í frumvarpinu á þingskjali 46, en hefir fallist á,

að rjett væri að friða rjúpur algerlega fyrir skotum fyrst um sinn í 2 ár, og síðan á tímabilinu frá 20. des. til 20. september. Í gildandi lögum er friðunartíminn frá 15. febr. til 15. sept., en nefndinni virðist ekki ástæða til, að leyft sje að skjóta rjúpur á tímabilinu frá 20. des. til 15. febr., í flestum hjeruðum landsins mun erfitt að gera rjúpur að verslunarvöru um það leyti, því skipaferðir eru þá ýmist strjálar eða alls engar. Þá virðist nefndinni óþarft, að veiðitíminn byrji fyrir en 20. sept., því rjúpur verða ekki gerðar að verslunarvöru fyrir en þær hafa látið sumarlitinn og eru orðnar hvítar.

Tveggja ára friðunin er byggð á því, að það er alment álit, að í flestum hjeruðum landsins fari rjúpum fækkandi, vegna vaxandi veiði; að vísu verður ekki sjeð af verslunarskýrslunum að útflutningur rjúpna fari þverrandi, en það sannar ekkert í þessu máli, því þegar veiðin er aukin, getur útflutningurinn aukist, og rjúpan þó farið fækkandi. En vegna þess að rjúpnaveiði er til mikilla hagsmuna landsmönnum, og því tjón, ef henni fækkar, þykir nefndinni rjett að alfriða rjúpuna fyrir skotum um 2 ár, en sá tími verður að teljast fullnægjandi, því rjúpum fjölgar fljótt við friðunina. Snöruveiði þykir nefndinni ekki rjett að banna, því að sú veiði verður altaf svo litil, að hennar gætir alls ekki.

Nefndin hefir tekið upp í þessa grein frumvarpsins efni frv. á þingskjali 57, er henni var falið til athugunar, hefir hún fallist á, að rjett sje að heimila þessa undanþágu frá banni gegn lundaveiði með netum, þegar um er að ræða að vernda eða efla svo arðsaman atvinnuveg sem æðarvarp er. En nefndin telur hinsvegar sjálfsagt, að setja ströng skilyrði fyrir þessari undanþágu, því sje netaveiðin framkvæmd, án þess fuglinn sje hirtur úr netunum jafnóðum, er sú veiði-aðferð svo grimdarleg, að þinginu væri vansæmd að leyfa slíkt. Þegar hinsvegar er um mikilvæga hagsmuni að ræða fyrir varpeigendur, er þeim vorkunnarlaust að greiða kostnaðinn við eftirlit það, sem hjer er heimtað.

Við 5. gr.

Eggjafriðunin er nýmæli, en nefndinni virðist sjálfsagt að bæta úr því augljósa ósamræmi í gildandi lögum, að friða fugla, en ekki egg þeirra. Að friða fuglinn sjálfan er ekki nægileg vernd, ef eggjum er rænt takmarkalaust, því með eggjaráninu má hindra fjölgun fuglanna og jafnvel útrýma sjaldgæfum fuglum, þó fuglarnir sjálfir sjeu friðaðir. Og nú á seinni árum er hin takmarkalaus græðgi útlendra eggjasafnara farin að láta á sjer bera eigi alllitið, einkum hjer á Suðurlandi, og virðist þörf á að gæta varúðar gegn henni.

Undantekin friðun eru egg þeirra fugla, sem helst mynda vörp til nytja, og svo þeirra fugla, sem ekki þykir ástæða til að friða á neinn hátt. Nefndinni er ekki kunnugt um, að ástæða sje til að undanskilja, vegna nytjavarps, aðrar fuglategundir en þær sem hjer eru nefndar.

Við 6. gr.

Sektaákvæði fyrir fugl eru svipuð og í gildandi lögum, en nefndinni þykir betur fara, að hámarkið sje 32 kr. en eins og það er sett í gildandi lögum. Samkvæmt þessu verður sektin við ítrekun brota 4, 8, 16, 32 kr. Þar sem ástæðan fyrir friðun arnarins er sú, að varna því að honum verði gereytt, má sektin varla vera lægri en hjer er sett.

Við 7. gr.

Sektarákvæðin fyrir brot móti eggjafriðun mega ekki vægri vera, ef nokkurt gagn á að vera að þessari lagavernd á eggjunum, en ekki virðist þó ástæða til að láta sektina fara hækkandi við ítrekun brota.

Við 8. gr.

Þessi undanþága er nauðsynleg, því æskilegt er, að við alla skóla landsins, þar sem náttúrufræði er kend, gæti komist upp dálítil söfn af fuglum og eggjum; yrði það til mikils gagns við kennsluna, og yrði ekki aðeins til að auka þekkingu nemendanna í þessari grein, heldur einnig til að auka velvild þeirra til fuglanna, og um leið hlýðni og virðingu fyrir þeim lögum, sem sett eru þeim til verndar.

Þeim atriðum frumvarpsins, sem hjer er ekki minst á sjerstaklega, mun, eftir því sem ástæða þykir til, verða gerð nánari grein fyrir við framsögu málsins.

Flutningsmenn beggja þeirra frumvarpa, er nefndinni voru athent munu taka þessi frumvörp sín aftur.

Vjer leyfum oss að ráða hinni háttv. deild til að samþykkja frumvarpið á þingskjali 143.

Alþingi 22. júlí 1913.

Björn Þorláksson,
(formaður).

Jón Jónatansson,
(skrifari og framsögum.).

Þórarinn Jónsson.